

4. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningsmiðlari skal við fullnaðartollafgreiðslu skila þeim tollstjóra, sem leyfi veitti samkvæmt 3. gr., aðflutningsskýrslu ásamt viðkomandi vörureikningum og öðrum tollskjölum innan 16 daga frá lokum uppgjörstímabils, sbr. 9. gr., og standa honum skil á álögðum aðflutningsgjöldum, sbr. 9. gr.

5. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Uppgjörstímabil vegna hraðsendinga skal vera einn mánuður. Gjaldldagi vegna hraðsendinga sem afhentar hafa verið innan hvers uppgjörstímabils skal vera síðasti dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils eða næsti virki dagur þar á eftir beri hann upp á helgidag eða almennan frídag.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 15. mars 1991.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum um páska helgi 1991.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 26. mars 1991 til kl. 10.00 árdegis 2. apríl 1991 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Steinþórsdóttir.